


Viðtækur og afgerandi stuðningur við styttingu náms til stúdentsprófs

Mikill og almennur stuðningur er við þá hugmynd að stytta nám til stúdentsprófs um eitt ár. Fram kemur í nýjasta [Þjóðarpúls Gallup](#) að 72% landsmanna eru hlynntir styttingunni, 20% andvígir og 8% hafa ekki skoðun á málinu. Spurt var: „Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að stytta nám til stúdentsprófs um eitt ár?“

Lítil munur er á afstöðu þjóðarinnar þegar greint er eftir kyni, aldri, menntun eða búsetu. Hins vegar má greina nokkurn mun á afstöðu fólks eftir stuðningi við stjórnmalaflokka. Um 79% stuðningsmanna Framsóknarflokksins eru hlynntir styttingunni, 75% kjósenda Sjálfstæðisflokksins og 73% fylgismanna Samfylkingarinnar vilja styttingu. Mesta andstaðan kemur fram hjá þeim sem styðja Vinstri-græna, en 28% þeirra eru andvíg og 66% hlynnt styttingu náms til stúdentsprófs um eitt ár.

Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðgjafi, segir að sú vísbending sem fram komi í könnun



Gallups um viðhorf landsmanna sé jákvæð fyrir framhald málsins: „Það er ánægjulegt að sjá hversu viðtækur og afgerandi stuðningur virðist vera við málið meðal almennings. Nú er hafinn lokaundirbúningur undir endanlega ákvörðunartöku í málinu og í þeim undirbúningi leggur menntamálaráðuneytið höfuðáherslu á samráð við þá aðila sem málið varðar hvað mest.“

Að sögn Oddnýjar Harðardóttur, verkefnisstjóra, hafa nú allir starfshóparnir þrír, sem eiga að sinna lokaundirbúningi málsins, hafið störf. Hlutverk starfshóps um námskrár- og gæðamál er meðal annars að gera tillögu um námsskipan fyrir þriggja ára stúdentsnám. Fundir í starfshópnum eru haldnir tvisvar í viku. Starfshóparnir um starfsmannamál og fjármál tengdum styttingunni safna nú gögnum svo þeir geti unnið fljótt og vel þegar tillaga frá námskrár- og gæðahópnum berst. Hóparnir munu skila áfangaskýrslu þann 15. desember næstkomandi.

Þá stendur yfir málefnaleg umræða á umræðuþingi um styttinguna á [menntagatt.is/spjall](#), þar sem skráðir þátttakendur eru nú talsvert á þriðja hundrað. Starfshóparnir þrír munu í sínum störfum hafa hlíðsjón af umræðum um styttinguna á [menntagatt.is/spjall](#).

Norðurlöndin verði leiðandi í rannsóknum og nýsköpun

Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðgjafi, sat í síðustu viku fund norræna ráðherra menntamála og rannsókna á þingi Norðurlandaráðs í Osló. Meginumfjöllunarefni fundarins var hin svokallaða *Hvítbók*, þar sem lagt er til að Norðurlönd verði leiðandi svæði í rannsóknum og nýsköpun. Lýstu ráðherrarnir yfir stuðningi við þá sýn sem fram kemur í Hvítbókinni.

Meginniðurstaða Hvítbókarinnar er að ríkar ástæður séu fyrir Norðurlöndin að nýta framúrskarandi stöðu sína á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar til að skapa samlegðaráhrif og styrkja stöðu sína hvað varðar vísindi og rannsóknir, ekki síst innan Evrópu. Ástæðan er annars vegar hnattvæðing viðskipta og menningar og hins vegar stækkun Evrópusambandsins til austurs.

Norðurlöndin eiga í miklu samstarfi á fjölmörgum sviðum, en aðeins 0,3 – 0,4% af heildarumfangi rannsókna í löndunum er unnið í norrænu samstarfi. Niðurstaða Hvítbókarinnar



Íslenska sendinefndin á fundi norræna ráðherra menntamála og rannsókna: Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri, Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðgjafi, og Stefán Stefánsson, deildarstjóri.

er að endurskoðun á skipulagi samstarfsins í áföngum með verulega aukinni þátttöku háskóla, rannsóknastofnana og atvinnulífs í fjármögnun og framkvæmd norræna samstarfsverkefna sé í senn aðkallandi og æskileg. Í þessum tilgangi verða norrænar stofnanir á þessu sviði innan mennta- og vísindageirans endurskipulagðar og skapaðar

verður einn sameiginlegur vettvangur, NoFIR (Nordisk Forsknings og Innovationsråd), með það fyrir augum að móta norrænt rannsókn- og nýsköpunarsvæði, NORIA (Nordic Research and Innovation Area).



Ísland á iði stóð fyrir heiluseflingarverkefni fyrir fyrirtæki „Hjólalöð í vinnuna“ þann 18. – 22. ágúst sl. Meginmarkmið þess var að vekja athygli á hjólræidum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Starfsfólki menntamálaráðuneytis var veitt viðurkenning fyrir að vera með eitt af glæsilegustu liðum keppinnar. Ellert B. Schram, forseti [ÍSI](#), veitti viðurkenninguna.

Af umræðuþingi um styttingu náms til stúdentsprófs á [menntagatt.is](#)

„Hvað framhaldsskólann varðar hafa breytingar verið óvenjumiklar undanfarin ár; nýleg löggjöf, truflun vegna vinnudeilna og ný námskrá þar sem m.a. var sérstök áhersla lögð á notkun upplýsingatækni í öllum námsgreinum auk tilkomu almennrar námsbrautar en þróun hennar hefur alfarið hvílt á skólunum sjálfum. Ég leyfi mér að efast um að framhaldsskólinn hafi þanþol gagnvart frekari meiriháttar breytingum á næstu árum. Þá ber að geta þess að aðalnámskrá grunnskóla er einnig nýleg og var endurskoðun námskráanna beggja einmitt hagað þannig að um eðlilega samfellu væri að ræða. Niðurstaða mín er því sú að framkvæma beri styttinguna þannig að sem minnst breyting verði gerð á aðalnámskrám grunnskóla og framhaldsskóla.“

Sigurður Sigursveinsson, skólameistari FSu (í námsleyfi). Innlegg 05.11.2003, kl. 21:23.

